



Leiðbeiningar

um starfslok og stórviðburði í lífi starfsmanna

Yfirmaður viðkomandi starfsmanns skal ræða við hann um fyrirkomulag starfsloka og skipulagningu þeirra með hæfilegum fyrirvara. Stjórnendur ákvarða almennt hvernig standa beri að því að kveðja starfsmenn sem láta af störfum. Starfslok og stórviðburðir eru áfangi á ferli starfsmanns hjá Fjarðabyggð og mikilvægt að þau séu undirbúin og starfsmönnum sé sýnd umhyggja.

- Viðmiðunarreglan er að starfsmenn eigi að kveðja, þeim séu þökkuð störf á vegum sveitarfélagsins og þeir kvaddir með virktum af stjórnanda og samstarfsmönnum.
- Stjórnendum ber að meta hvernig starfslokum er háttað, m.t.t. þess hve lengi starfsmenn hafa starfað hjá sveitarfélaginu.¹ Starfsmaður sem hættir ekki vegna aldurs og hefur starfað hjá sveitarfélaginu í skemmri tíma en eitt ár ætti t.a.m. ekki að kveðja með sama hætti og starfsmann sem lætur af störfum vegna aldurs eftir fjölda ára í starfi.
- Jafnframt ber stjórnendum að leitast við að samræmi sé í því hvernig vinnustaðurinn fagnar stórviðburðum í lífi starfsmanna, s.s.. 30, 40, 50 og 60 ára afmæli starfsmanna, starfsafmælum, giftingum og fæðingum barna. Sveitarfélagið gefur alla jafna ekki gjafir af þeim tilefnum.
- Hver stofnun útfærir nánar viðmið til samræmingar, sem eru hluti af reglum þessum, en stjórnanda ber að horfa sérstaklega til þess þegar starfsmenn hætta vegna aldurs.
- Kostnaði er stillt í hóf og taki mið af fjárheimildum.

Fjarðabyggð 19. júlí 2018



Gunnar Jónsson
bæjarritari

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 29. ágúst 2012

Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 16. júlí 2018, í kjölfar sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.

¹ Starfsmaður hættir sem starfað hefur nánast alla sína starfsævi hjá sveitarfélaginu og hættir vegna aldurs.

Starfsmaður hættir sem starfað hefur í fjölda ára og hættir vegna aldurs.

Starfsmaður hættir sem starfað hefur lengi og fer í starf utan sveitarfélagsins.

Starfsmaður hættir sem starfað hefur í frekar skamman tíma.

Starfsmaður hættir en fer í annað starf hjá sveitarfélaginu.

Starfsmaður hættir en starfslok eru tilkomin vegna uppsagnar eða annarra neikvæðra ástæðna.

Stórafmæli starfsmanna sem starfað hafa í skamman tíma.

Stórafmæli starfsmanna sem starfað hafa í fjölda ára.

